



Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 AKRANES

Garðabær, 26.8.2025
Málsnúmer: 202507-0029
IAS

Efni: Kúludalsárland

Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar frá 16. júlí 2025 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar vegna Kúludalsárlands.

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020 sem tekur til Kúludalsárlands 2 og Kúludalsárlands 4 og lóðum sem skipt hefur verið úr þeirri landeign. Skipulagssvæðið skiptist í tvo hluta sem eru sitt hvorum megin við Kúludalsá og þar með einnig sitt hvoru megin við bæjarhús jarðarinnar Kúludalsár.

Svæðið að vestanverðu er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, en verður breytt í íbúðarbyggð. Það er um 5,4 ha að stærð. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag fyrir frístundabyggð.

Svæðið að austanverðu nær til Kúludalsárlands 2 L186597 og er skilgreint sem frístundabyggð (F35), sem verður felld út. Svæðið er í heild um 18 ha og verður um 7 ha breytt í athafnasvæði og því sem eftir stendur af frístundabyggðinni verður breytt í landbúnaðarland, um 11 ha. Fyrirhugað er að skipuleggja athafnasvæðið fyrir léttan iðnað, vörugeymslur o.fl. Svæðið sem um ræðir er deiliskipulagt sem skógræktarsvæði. Samanlagt er stærð skipulagssvæðisins er um 23,5 ha.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulagslýsingu fyrir sama mál þann 23. maí síðastliðinn og voru ekki gerðar athugasemdir við vestara svæðið.

Eystra svæðið er hins vegar vel gróið og ítrekar Náttúrufræðistofnun hér ábendingar um fyrri umsögn. Engin merki eru um skógrækt á svæðinu og vistgerðakort gefur til kynna að svæðið sé að mestu grösugt og samsett úr votlendi, graslendi og mólendi, sem líklega endurspeglar landið nokkuð vel. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun í mælikvarðanum 1:25.000, sem greinir vistgerðir misvel. Því eru upplýsingar þess ekki óbrigðular og ekki ráðlegt að reiða sig eingöngu á kortið til að greina nákvæma útbreiðslu vistgerða. Með þetta í huga er ólíklegt að stinnastaravist finnist á svæðinu.

Af loftmyndum að dæma eru hlutar svæðisins enn nokkuð blautir, þó votlendinu hafi verið raskað með framræslu. Líklegar vistgerðir á svæðinu eru votlendisvistgerðin starungsmýravist, graslendisvistgerðirnar grasengjavist, língresis- og vingulsvist og snarrótarvist, auk mólendisvistgerðarinnar grasmóavistar. Þær hafa hátt til mjög hátt verndargildi og líklegt er að jarðvegur á svæðinu sé bæði þykkur og kolefnisríkur, einkum í votlendi og graslendi.

Náttúrufræðistofnun bendir á að með hliðsjón af framangreindum landgæðum mætti íhuga hvort ekki væri eðlilegra að nýta eystra svæðið til landbúnaðar í stað athafnasvæðis.



Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur